

Frá ritnefnd

Höfundur: Hallfríður Kristjánsdóttir

Þá er út kominn 44. árgangur Bókasafnsins. Tímaritið er í þetta sinn og líklega héðan í frá, eingöngu gefið út rafrænt, en ekki á prenti. Útgáfa blaðsins hefur legið niðri síðan 2020, en á síðasta ári tókst að manna þriggja sæta ritnefnd og hefja undirbúning að því tölublaði sem hér birtist.

Að koma tímariti í rafræna útgáfu var brött lærdómskúrsa sem fyrir utan hefðbundin ritnefndarstörf við lestur og samskipti við höfunda, fól í sér að velja hýsingaraðila og þjónustupakka, setja upp notendur og heimildir í nýju kerfi, læra að stilla upp tölublöðum og greinum og svo mætti lengi telja. Þetta gekk allt heldur hægt í upphafi þannig að upphafleg áform um að koma út blaði á árinu 2023 gengu ekki eftir og markið færðist yfir á árið 2024.

Ritnefnd var svo langt komin í útgáfuferlinu þegar við áttuðum okkur á því að árið 2024 á Bókasafnið hálfra aldar afmæli. Fyrsta tölublað fyrsta árgangs kom út að vori árið 1974, þá gefið út af Bókavarðafélagi Íslands og Bókafulltrúa ríkisins. Í tilefni af þessum tímamótum ákvað ritstjórn í samráði við stjórn Upplýsingar að láta hanna kennimerki (lógó) fyrir Bókasafnið. Kennimerkið sem sjá má á vefsíðu tímaritsins er hannað af Lindu Katrínu Elvarsdóttur sem einnig sá um að hanna og yfirfara útlit stakra greina og forsíðu blaðsins.

Efni blaðsins er fjölbreytt og spennandi. Fjórir upplýsingafræðingar segja frá meistaraþrófsrannsóknnum sínum í upplýsingafræði við Háskóla Íslands. Telma Rós Sigfúsdóttir segir frá gögnum í bókasafnskerfunum Ölmú og PrimoVE og hvernig leitarniðurstöður skila ekki alltaf því sem gera mætti ráð fyrir, Stefán Þór Hjartarson fjallar um vefstjórn og vefmál á háskólabókasöfnum hérlendis, Heiðrún Hödd Guðmundsdóttir skoðar skipulagningu og miðlun handrita og einkaskjala í Færeyjum og Arndís Dögg Jónsdóttir segir frá samfélagsmiðlanotkun og kynningar- og markaðsstarfi á almenningssöfnum á Íslandi.

Aðrar greinar taka á ýmsum samtíma- og framtíðarmálum. Sif Sigurðardóttir fjallar um framtíðarbókasafn Tækniskólans, Gróa Finnsdóttir ræðir um lífið og verkefni eftir sjötugt, Helgi Sigurbjörnsson segir okkur söguna af því hvernig gervigreindin stal jólunum og Sveinbjörg Sveinsdóttir tekur saman yfirlit og endurlit um innleiðingarferli bókasafnakerfanna Ölmú og Primo VE. Í blaðinu er einnig að finna umfjallanir um ráðstefnur og fræðsluferðir sem farnar voru 2022 og 2023, minningargrein um merkan kollega og fagtengdar útgáfufréttir.

Það er einstaklega ánægjulegt hafa ýtt útgáfu Bókasafnsins aftur úr vör. Mikilvægt er að upplýsingafræðingar og aðrir í bókasafna- og skjalageiranum eigi sitt fagtímarit og málagn. Það er forsenda þess að miðla megi með markvissum hætti fróðleik og upplýsingum um starfsemi, nýjungar og margvísleg verkefni sem unnin eru í bókasöfnum landsins og segja frá rannsóknum og þróun í upplýsingafræði, menningarmiðlun og tengdum faggreinum.

Ritnefnd þakkar höfundum sem sendu inn efni. Við vonum að þið njótið lestursins og hvetjum ykkur til að setjast sjálf við skriftir og senda efni í næstu tölublöð.